

## Atvinnumálanefnd, fundur nr. 72

Þriðjudaginn 27. janúar 2009, var haldinn fundur í atvinnumálanefnd Stykkishólms. Mættir voru: Ólafur Guðmundsson formaður, Þórður Magnússon, Kristinn Hjörleifsson, Magnús Ingi Bæringsson sem ritaði fundinn. Ólafur bauð nefndarmenn velkomna og setti fundinn kl. 17:00.

### 1. Staða atvinnumála í Stykkishólmi og atvinnuleysisrá

Ólafur sagði frá því að skv. upplýsingum frá Vinnumiðlun vesturlands séu nú 18 manns á atvinnuleysisrá, sem eru umtalsvert fleiri en verið hafa síðustu ár. Umræða um framhaldið næstu mánuði og hvort búast megi við að atvinnulausum fjölgi á næstunni.

Umræða var um sameiningu heilbrigðisstofnanna Vesturlands en erindi hefur borist til bæjarstjórnar frá ráðuneytinu þar sem kallað er eftir umsögn. Nefndamenn lögðu áherslu á að áfram verði staðið vörð um bakdeild sjúkrahúsins.

Ólafur fór yfir stöðu mála varðandi ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, en samningur Sæferða við vegagerðina rennur út 31. desember 2009 og er ekki útlit fyrir að breyting verði á þeirri ákvörðun að fallið verði frá stuðningi Vegagerðarinnar til ferjusiglinga yfir Breiðafjörð. Nefndin lítur þetta alvarlegum augum og leggur áherslu á að haldið verði áfram baráttu fyrir áframhaldandi stuðningi við ferjusiglingar yfir fjörðinn. Að öðrum kosti muni það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulíf, ferðamenn og samgöngur á Snæfellsnesi og Vestfjörðum.

Kynnt nýtt átaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunar og Impru sem ber nafnið Starfsorka og á að gera fyrirtækjum kleift að ráða fólk á atvinnuleysisrá. (sjá nánar á vef Vinnumálastofnunar eða [www.nmi.is](http://www.nmi.is)). Rætt var um hvort aðstoða mætti ný og smærri fyrirtæki við að nýta sér þennan möguleika. Lagt til að Stykkishólmsbær kynni verkefnið fyrir fyrirtækjum bæjarins.

Rædd voru ýmis verkefni sem bærin gæti staðið að og boðið þeim sem eru atvinnulausir að vinna, s.s. gerð göngustíga og merkingar, hreinsun og fegrun umhverfis.

### Ályktun um að efla þurfi menningartengda ferðaþjónustu

*Atvinnumálanefnd er sammála um að efla þurfi menningartengda ferðaþjónustu. Stykkishólmsbær er m.a. á söguslóðum Eyrbyggju og þar telur nefndin að séu verulega vannýtt tækifæri. Aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig að búast má við auknum ferðalögum landsmanna innanlands auk þess sem búast má við aukningu erlendra ferðamanna þegar litið er til lágs gengis krónunnar. Framboð afþreyingar í hinum ýmsu myndum þarf því að auka ekki síst til að lengja gistitíma ferðamanna. Nefndin er sammála um að sveitarfélög á Snæfellsnesi geti sameinast um átak í ferðamálum. Þá er nefndin með í huga kortlagningu og merkingu gönguleiða, merkingu áhugaverðra staða fyrir náttúru- eða sögulegar sakir. Þá bendir nefndin á vaxandi sport sem kallast strandveiði og veltir því fyrir sér hvort ekki sé hægt að efla hana í tengslum við ferðaþjónustu hér á Snæfellsnesi. Atvinnumálanefndin leggur til að Stykkishólmsbær kanni hvort forsendur eru fyrir slíku samstarfi sveitarfélagana með einhverjum hætti.*

Ályktun þessi samþykkt samhljóða.

Rædd hugmynd um fundarherferð atvinnumálanefndar þar sem kvaddir yrðu til t.d. hálfsmánaðarlega ýmsir sérfræðingar hver á sínu sviði sem líklegir væru til að hafa áhrif á og liðsinna bæjarbúum í eflingu atvinnulífs. Þeir aðilar sem kæmu til greina voru, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ferðamálaráð, Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Markaðsstofa Vesturlands og Vaxtasamningur Vesturlands. Ólafi falið að ræða hugmyndina innan bæjarstjórnar um nánari útfærslu.

## **2. Atvinnuráðgjöf SSV**

Samskipti við Atvinnuráðgjöfina SSV rædd og hvernig nýta mætti hana betur.

### **Ályktun um úttekt á atvinnuástandi**

*Atvinnumálanefnd leggur til að Stykkishólmsbær kanni hvort forsendur séu fyrir því að Atvinnuráðgjöf Vesturlands geri nánari úttekt á atvinnuástandi og horfum í Stykkishólmi og nágrenni, þannig að betri upplýsingar liggi fyrir um ástand mála en nú er.*

Ályktun þessi samþykkt samhljóða.

### **Ályktun um frumkvöðlasetur**

*Atvinnumálanefnd leggur til að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir frumkvöðlasetri í Stykkishólmi og hver hugsanlegur kostnaður yrði vegna þess. Snæfellsnesið hefur verið skilgreint utan vaxtarsvæðis og telur nefndin því eðlilegt og sjálfsagt að frumkvöðlasetur verði sett á stofn á Snæfellsnesi. Nefndin telur þung rök liggja fyrir að frumkvöðlasetur eða útibú verði sett niður í Stykkishólmi. Starfsmaður Atvinnuráðgjafar Vesturlands er staðsettur á Snæfellsnesi og gæti stutt við starfsemi slíks seturs auk þess sem aðrir ráðgjafar geta e.a. komið reglulega í heimsóknir. Á undanförunum árum hefur Stykkishólmur orðið fyrir áföllum og búið við viðvarandi fólksfækkun jafnvel umfram önnur nágrannasveitarfélög. Frumkvöðlasetur getur verið mikilvægur hlekkur í að snúa þeirri þróun við og um leið efla atvinnulíf í bænum. Einnig getur verið mikill stuðningur fyrir frumkvöðlasetur að fyrir eru Náttúrustofa Vesturlands og Háskólasetrið hér í Stykkishólmi.*

Ályktun þessi samþykkt samhljóða.

## **3. Markaðsstofa Vesturlands-Væntanleg kynning á starfsemi**

Lögð fram ósk Jónasar Guðmundssonar um kynningu á Markaðsstofu Vesturlands og heyra hvað möguleika hún býður varðandi samstarfi við Stykkishólmsbæ. Nefndin fagnar þessu boði Jónasar og formanni falið að ákveða fundartíma.

## **4. Önnur mál**

Umræða um tillögur að áætlun og markmið Byggðaráætlunar 2010 -2013 sem nú er í smíðum. Formanni og Magnúsi falið að vinna tillögur og senda nefndarmönnum til umsagnar.

Fundi var slitið kl. 18:35.